



## EFNI BLAÐSINS

Af stjórnarborði	1
Aðalfundur félags löggiltra endurskoðenda 5.nóv. 1999	3
Stjórn og nefndir 1999-2000	6
Frá Menntunarnefnd FLE	8
Frá reikningskilanefnd FLE	9
Vinna starfshóps FLE um menntunarmál endurskoðenda	10
Námskeið í boði	11
Menntun endurskoðenda	12
Úttekt á ársreikningum á verðbréfaþingi Íslands	14
Til hamingju með afmælið	16
Opnunartími skrifstofu FLE	16
Viðskipti á Netinu um 500 millj. kr.	16
Áhugaverðir úrskurðir	17
Opnun heimasíðu FLE	18
Endurmenntun endurskoðenda – einingasöfnun	18
Fráteknar dagsetningar	18
Aðsent efni frá IFAC	19
Áhugavert innlent lesefni og vefsíður	20
Heiðursveiting	20

# Af stjórnarborði

## Ímynd endurskoðunarstarfsins

Nokkur umræða hefur átt sér stað á undanförunum misserum um ímynd endurskoðunarstarfsins og hvernig megi breyta henni. Virðist mér að ímynd endurskoðandans geti orðið undir í samkeppni og samanburði við önnur þau störf sem hugsanlegir endurskoðendur framtíðarinnar hafa úr að velja. Niðurstaðan verði sú að besta fólkið muni velja sér annan starfsvettvang og staða endurskoðenda í þjóðfélagi framtíðarinnar muni líða fyrir það.

En hver er þessi ímynd? Hvað er það sem í hugum ungs fólks, sem er að hefja nám á viðskiptasviðinu, lýsir best starfi endurskoðandans? Auðvitað væri best að kanna það hjá þessu fólki sjálfu en sú mynd sem ég hef búið mér til er eitthvað í þessa veru: Til þess að verða endurskoðandi þarf að klára cand. oecon próf í HÍ sem er orðið gamaldags fjögurra ára nám þegar allar aðrar brautir bjóða upp á þriggja ára nám með möguleika á Masters gráðu í framhaldinu. Síðan þarf að komast í vinnu hjá endurskoðunarfyrirtæki þar sem þú þarft á lúsarlaunum í þrjú ár áður en sá heiður hlýst að fá að þreyta löggildingarpróf. Ekki þarf að láta sig dreyma um að klára það á skemmri tíma en tveimur til þremur árum og í hvert sinn þarf að leggjast í próflestur í svona tvo mánuði - lúsarlaunalaust. Ef ekki gengur að klára prófin er því komið að því að finna sér nýjan starfsvettvang, svona um þrítugsaldurinn. Ef dæmið gengur hins vegar upp heldur þú þá áfram á eilítið hærri launum en með vinnutíma sem reynir á þanþolið í fjöl-



skyldulífínu og er löngu dottinn úr tísku. Með tíð og tíma getur fólk orðið meðeigandi ef Guð og lukkan lofar, kjörin batna, en eru kannski ekkert sérstök og lífsmunstur vinnuálfans heldur áfram. (Grein þessi er skrifuð á laugardagsmorgni um miðjan desember).

Í ágætu framsöguerindi á ráðstefnu FLE í nóvember vakti Margrét Sanders máls á því að þrátt fyrir samkeppni um starfsfólk eiga endurskoðunarfyrirtækin (og stofurnar) fleiri sameiginlega hagsmuni en sérhagsmuni þegar kemur að því að laða ungt fólk til starfa. Samkeppni stéttarinnar á ekki að vera innbyrðis heldur við aðrar stéttir og atvinnugreinar sem eru að keppa við okkur um besta fólkið. Besta fólkið á að velja endurskoðunarstarfið umfram önnur störf. Til þess þurfum við að breyta ímyndinni.

En hvernig verður ímyndin bætt? Ég tel



að besta leiðin sé sú að leiða unga fólkinu fyrir sjónir hvernig endurskoðunarfyrtækin eru að breytast frá því að vera einhvers konar svitasjoppur arðrænda nema í starfsþjálfun í það að verða spennandi vinnustaður þar sem boðið er upp á fjölbreytileg störf við endurskoðun, skattamál, fjármálaráðgjöf, tölvumál og ýmis konar rekstrarráðgjöf. Með þeim breytingum sem orðið hafa á undanförunum árum á rekstri endurskoðunarfyrtækjanna held ég að grundvöllur hafi skapast til þess að breyta ímyndinni. Fyrirtækin eru orðin alhliða þekkingarfyrtæki. Til dæmis geta fyrirtækin boðið þeim endurskoðunarnemum sem ekki klára löggildingu eða verða fráhverfir starfinu ýmis önnur störf á fjölbreyttu sviði. Fyrirtækin þurfa að hafa fjölskyldustefnu, þ.e. stefnu sem tekur tillit til þarfa nútímafjölskyldunnar. Launamynstrið hefur líka verið að breytast þannig að ég tel að fyrirtækin séu orðin nokkuð samkeppnisfær á því sviði. Kannanir hafa að auki sýnt að fyrir starfsmenn eru það önnur atriði en laun sem vega þyngst í starfsánægju starfsmanna.

Stjórn FLE hefur ákveðið að vinna að framgangi þessa máls þar sem um hagsmunamál allrar stéttarinnar er að ræða. Meðal annars hefur undirbúningur verið hafinn að útgáfu sérstaks tölublaðs FLE fréttanna sem beinast mun að ungu fólki sem er að hefja háskólanám eða ljúka stúdentsprófi. Er stefnt að því að þetta tölublað komi út snemma í vor og verði dreift víða í háskólum og framhaldsskólum. Einnig hefur verið leitað aðstoðar sérfræðinga í kynningarmálum til að koma stéttinni og því sem fram fer á vegum félagsins á framfæri. Ekki má gleyma væntanlegum bæklingi sem er í undirbúningi á vegum endurskoðunarnefndar en honum er ætlað að kynna störf endurskoðandans fyrir þeim hópi sem kaupir þjónustu okkar.

## Útgáfumál FLE.

Ekki þarf að fjölyrða um það að á ýmsu hefur gengið í útgáfumálum félagsins á undanförunum árum. Tímaritið Álit hefur

ekki komið út í nokkur ár og fyrir rúmlega tveimur árum var ákveðið að gera veg FLE fréttanna meiri en áður, en leggja útgáfu Álits til hliðar í bili. Þetta hefur ekki breytt þeirri staðreynd að erfiðlega hefur gengið að halda útgáfunni gangandi, þar sem erfitt er að fá greinar í útgáfuna o.s.frv.

Í ljósi þessa og í því markmiði að efla til muna útgáfustarfsemi á vegum félagsins hefur stjórnin í samráði við ritnefnd hafið könnun á því að fá liðsinni fagmanna á þessu sviði til að sjá um útgáfu FLE fréttanna. Vonast er til þess að hægt sé að ná þessu markmiði án verulegs kostnaðarauka fyrir félagið, t.d. með því að fjármagna þessa aðstoð með sölu auglýsinga. Jafnframt er stefnt að því að auka útbreiðslu FLE fréttanna og skilgreina markhópa sem hafa áhuga á störfum endurskoðunarfyrtækjanna og því sem starfsmenn þeirra hafa fram að færa.

Vonast er til þess að árangur þessarar nýbreytni komi í ljós snemma á næsta ári.

## Gæðastjórnun — gæðaeftirlit.

Rétt er að minna félagsmenn á að á síðasta aðalfundi voru samþykktar leiðbeinandi reglur um gæðastjórnun sem dreift var til félagsmanna með aðalfundargögnum í byrjun nóvember. Þar sem engar breytingar voru gerðar á tillögu endurskoðunarnefndar verða reglurnar

ekki sendar aftur til félagsmanna en hægt er að nálgast þær á skrifstofu félagsins.

Jafnframt voru á aðalfundinum samþykktar reglur um gæðaeftirlit sem fela í sér að gæðanefnd félagsins mun framkvæma gæðaeftirlit hjá þeim endurskoðunarfyrtækjum sem endurskoða eitt eða fleiri þeirra fyrirtækja sem skráð eru á aðallista eða vaxtarlista Verðbréfaþings Íslands. Önnur endurskoðunarfyrtæki geta einnig óskað eftir gæðaeftirliti nefndarinnar. Þetta starf mun að mestu verða unnið á vordögum.

## Nafn félagsins

Í grein sinni í síðasta tölublaði FLE fréttanna benti Þorvarður Gunnarsson fyrrverandi formaður á að rétt væri að huga að nafni félagsins. Samþykktir félagsins nota orðið endurskoðandi og sömuleiðis eru núverandi lög um endurskoðendur. “Löggiltra” er því í raun ofaukið í nafni félagsins og benda má á að ýmsir endurskoðendur hafa fellt niður fyrri hlutann af starfsheiti sínu í áritun ársreikninga.

Í því markmiði að skapa nauðsynlega umræðu um hugsanlega breytingu á nafni félagsins læt ég hér fylgja nokkrar hugmyndir sem upp hafa komið í umræðu um þetta mál:

Félag endurskoðenda.  
Endurskoðendafélag Íslands  
Félag íslenskra endurskoðenda

Símon Á. Gunnarsson  
Formaður FLE.

## GÓÐAR ÓSKIR UM ÁRAMÓT.

Félag löggiltra endurskoðenda óskar félagsmönnum og fjölskyldum þeirra farsældar og friðar árið 2000 og þakkar samstarf allt og samverustundir á liðnu ári.

Ritnefnd FLE sendir félagsmönnum og fjölskyldum þeirra hugheilar óskir um gott og gleðilegt ár

# Aðalfundur félags löggiltra endurskoðenda 5.nóv. 1999

Aðalfundur félags löggiltra endurskoðenda 1999, var haldinn að Hótel Loftleiðum, föstudaginn 5.nóvember 1999. Á fundinum var fjallað um fagleg málefni félagsins auk þess sem að fram fóru hefðbundin aðalfundarstörf samkvæmt tölulíðum 1.-18. í 18.grein samþykka FLE.

## **1. Kosning fundarstjóra og skipun ritara.**

Þorvarður Gunnarsson, formaður félagsins, setti fundinn og lagði til að Valdimar Ólafsson yrði kjörinn fundarstjóri. Það var samþykkt samhljóða. Fundarstjóri skipaði því næst Sturlu Jónsson ritara fundarins og var síðan gengið til dagskrár.

## **Lögmæti fundarins.**

Fundarstjóri lýsti því næst lögmæti fundarsins, með vísan til samþykka félagsins og boðun fundarins.

## **Umfjöllun um fagleg málefni:**

*Leiðbeinandi reglur um gæðastjórnun lagðar fram til samþykktar.*

Lárus Finnbogason lagði fram leiðbeinandi reglur um gæðastjórnun til samþykktar. Engar athugasemdir höfðu komið fram frá félagsmönnum síðan að tillögurnar voru kynntar á félagsfundi fyrir ári síðan. Fram kom að tillögurnar eru þýðing á alþjóðlegum staðli nr. 20 um sama efni. Lárus vakti athygli á nokkrum grundvallaratriðum í staðlinum. Að því loknu var staðallinn samþykktur samhljóða.

## **Reglur um gæðaeftirlit lagðar fram til samþykktar.**

Guðmundur Snorrason lagði fram til samþykktar reglur um gæðaeftirlit fyrir hönd gæðanefndar. Tillagan gerir ráð fyrir að gæðaeftirlit verði tekið upp í

áföngum. Í fyrsta áfanga er gert ráð fyrir að gæðaeftirlit nái til þeirra endurskoðunarstofa sem að endurskoða fyrirtæki sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands eða á annarri kauphöll sem starfar samkvæmt lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða. Síðan leggi gæðanefndin fram tillögur um frekari þróun gæðaeftirlitsins í samráði við stjórn FLE. Rakti Guðmundur m.a. umræður um málið innan félagsins síðastliðið ár og fór yfir markmið gæðaeftirlits, umfang þess og fjármögnun. Enginn tók til máls um málið og voru tillögur gæðanefndar samþykktar samhljóða.

## **Skýrsla starfshóps um menntun endurskoðenda.**

Símon Á. Gunnarsson lagði fram skýrslu starfshóps um menntun endurskoðenda. Fimm manna starfshópi var komið á laggirnar að frumkvæði stjórnar FLE fyrir

ári síðan. Síðan hefur hópurinn unnið að mótun tillagna um málið og er áætlað að þeirri vinnu ljúki um næstu áramót. Vegna breytinga sem orðið hafa á námi í viðskiptafræði við Háskóla Íslands með tilkomu mastersnáms og vegna dvínandi aðsóknar að endurskoðunar-kjörsviði viðskiptafræðinámsins þótti nauðsynlegt að skoða menntunarmál endurskoðenda nánar. Menntunarmálin voru skoðuð með hliðsjón af; a) námi í Háskóla Íslands, b) löggildingarprófum og c) samanburði á menntun nema á íslenskum og erlendum endurskoðunarstofum. Einnig var litið til alþjóðlegs staðals um menntun endurskoðenda IFAC nr. 9 og höfð var hliðsjón af þróun mála á hinum Norðurlöndunum. Mögulegar breytingar á núverandi námsfyrirkomulagi á skólastigi virðast einna helst vera að namar þurfi að ljúka mastersnámi í Háskóla Íslands eða sambærulegu





námi í öðrum skóla á háskólastigi. Lög-gildingarpróf verða að vera skv. IFAC staðlinum, en rætt hefur verið um að breyta kröfum hvenær prófin verði tekin og í hvaða röð þau verði tekin. Við skoðun á námi á endurskoðunarstofum kom í ljós lítið skipulag. Nefndin mun skila niðurstöðum sínum til stjórnar félagsins, sem síðan mun hafa frumkvæði að tillögum um breytingar.

### **Formleg opnun heimasíðu FLE.**

Formaður FLE opnaði formlega nýja vefsíðu FLE og síðan kynnti Stefán Franklín fyrir hönd ritnefndar helstu notkunarmöguleika, sem eru margvíslegir, en m.a. munu FLE-fréttir í framtíðinni vera gefnar út á heimasíðu FLE.

### **2. Skýrsla stjórnar.**

Síðan var tekið til við hefðbundin aðalfundarstörf. Formaður FLE Þorvarður Gunnarsson, flutti skýrslu stjórnar. Rakti formaður félagsins helstu atriði skýrslu stjórnar til aðalfundar 1999, meðal annars helstu nefndastörf á liðnu starfsári og þær ráðstefnur er haldnar voru á vegum félagsins. Farið var yfir starfsemi fastanefnda og annarra nefnda og starfshópa og nefndarmönnum þökkuað góð störf á liðnu starfsári. Samskipti við embætti ríkisskattstjóra voru tíunduð, en með skipun nýs ríkisskattstjóra varð nokkur viðhorfsbreyting á þeim af hálfu embættisins. Kom fram að hugmyndir eru í

gangi um breytingar á álagningu opinberra gjalda á einstaklinga.

Fjallaði Þorvarður síðan um erlent samstarf og nefndi í því sambandi að Árni Tómasson hefði verið kjörinn formaður NRF til tveggja ára, en næsti aðalfundur sambandsins verður haldinn í Reykjavík á næsta ári. Einnig kom fram að norrænu aðildarfélögin bjóða fram sameiginlega til starfa innan IASC og IFAC og ná með þeim hætti meiri áhrifum en ella væri.

Þá ræddi formaður menntunarmál og vísaði í því sambandi til skýrslu hópsins. Bætti formaður því við að ef að niðurstaðan yrði sú að breytinga væri þörf, sem allt benti til, þá myndi stjórn félagsins fylgja því eftir þó að lagabreytingar þyrftu að koma til. Varðandi gæðaeftirlit kom fram að fyrst um sinn yrði lagt gjald á alla félagsmenn, meðan verið væri að koma gæðaeftirlitinu á, en síðar myndu þeir borga er fyrir yrðu. Þorvarður upplýsti að skipuð hefði verið nefnd til að endurskoða siðareglur og veitti Helena Hilmarsdóttur henni forstöðu. Væri það verkefni nefndarinnar að endurskoða siðareglur og fylgjast með þróun erlendis í þessum efnum. Kynningarmál fjallaði formaður um og kom fram að bæklingur sem ætlaður væri til kynningar á starfsemi félagsmanna til handa viðskiptavinum og nemum í endurskoðun væri ekki tilbúinn, en hans væri von fljótlega. Í ræðu sinni drap Þorvarður á að hefðbundinn útgáfustarfsemi FLE væri á

miklu breytingaskeiði með tilkomu veraldarvefsins og heimasíðu FLE. Taldi Þorvarður að tilkoma veraldarvefsins myndi breyta miklu í umhverfi endurskoðenda á komandi árum og að endurskoðunarfyrirtækin sjálf væru að breytast og víkka út starfssvið sitt. Þá gat hann þess að verið væri að skoða námskeiðsmál fyrir endurskoðunarnema á vegum félagsins.

Að lokum gat Þorvarður þess að fjöldi félagsmanna væri nú 236 og hefði þeim fjölgað um 12 á árinu, en einn látist. Fundarmenn risu úr sætum til að minnast látins félaga Eyjólfis Sverrissonar. Þakkaði Þorvarður fráfarandi formaður síðan samstarfsmönnum innan félagsins og framkvæmdastjóra þess fyrir gott samstarf á liðnum árum.

### **3. Ársreikningur félagsins.**

Eyvindur Albertsson gjaldkeri félagsins gerði grein fyrir ársreikningi félagsins fyrir liðið starfsár. Yfirlit hann helstu stærðir í rekstrar- og efnahagsreikningi ásamt sjóðstreymi og gat áritunar endurskoðenda félagsins. Tap á rekstri félagsins nam kr. 558.945 og eigið fé þess kr. 23.279.988 þann 31. ágúst 1999.

Sigurður Tómasson tók til máls um skýrslu stjórnar og þakkaði henni góð störf á liðnu starfsári. Einnig ræddi hann kynningarmál endurskoðenda og ímynd þeirra. Lýsti hann ánægju sinni með kjör Árna Tómassonar sem formanns NRF. Ársreikningur félagsins ásamt skýrslu stjórnar var síðan borinn upp til atkvæða og samþykktur samhljóða.

Ársreikningurinn er í heild birtur í skýrslu stjórnar til aðalfundar 1999.

### **4. Skýrslur fastanefnda félagsins.**

Jón Skúlason flutti skýrslu menntanefndar og gat m.a. þeirra 6 námskeiða og ráðstefna er haldnar voru á árinu. Fram kom að nefndin hélt 22 fundi á starfsárinu.

Sigurður Heiðar Steindórsson flutti skýrslu ritnefndar. Á árinu komu út 3 tölublað FLE-fréttar. Breytingar á útgáfustarfsemi í vændum þar sem að reiknað



er með að hluti efnis FLE-frétta birtist á heimasíðu FLE í framtíðinni. Slóð heimasíðu FLE er [www.fle.is](http://www.fle.is).

Halldór Arason kom fram fyrir hönd gæðanefndar, sem nú er ein af fastanefndum félagsins og gat þeirra skrefa er taka á á næstunni í gæðamálum og koma fram hér að framan í tillögum um gæðaeftirlit.

Sæmundur Valdimarsson flutti skýrslu reikningsskilanefndar. Kom m.a. fram í máli hans að með tilkomu Reikningsskilaráðs hefði starfssvið nefndarinnar dregist verulega saman, en hún hefði sent frá sér álit um færslu söluhagnaðar af hlutabréfum og látið í ljós álit á reglum Reikningsskilaráðs um tekjuskatt.

Fyrir hönd endurskoðunarnefndar flutti Lárus Finnbogason skýrslu starfsársins. Á árinu starfaði nefndin að gerð bæklinga um störf endurskoðenda, ábyrgð þeirra og stjórnenda og áritun endurskoðenda á reikningsskil. Þeirri vinnu er ekki lokið. Nýlokið er samþykkt leiðbeinandi reglna um gæðastjórnun. Sóttur var fundur nor-

rænu endurskoðunarnefndarinnar í Stokkhólmi. 17 fundi hélt nefndin á starfsárinu.

Þorvarður Gunnarsson gerði grein fyrir störfum álitnefndar. Hún hélt 4 fundi á árinu og fjallaði um lagafrumvörp og reglugerðir auk annarra mála.

Skýrslu skattanefndar flutti Ólafur Nils-son. Var starf nefndarinnar aðallega fólgið í umfjöllun um breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt.

Umfjöllun um störf fastanefnda er að öðru leyti að finna í skýrslu stjórnar til aðalfundar.

#### **5. Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins.**

Engar tillögur að breytingum á samþykktum félagsins voru lagðar fram.

#### **6. —16. Kosningar til stjórnar og nefnda félagsins.**

Fundarstjóri las tillögu uppstillingarnefndar til aðalfundar 1999 um skipun í stjórn og nefndir félagsins fyrir komandi

stjórnarár. Tillagan sem fylgir hér með, var samþykkt samhljóða.

#### **17. Tillaga stjórnar um árstíllag félagsmanna.**

Eyvindur Albertsson lagði fram tillögu um hækkun árstíllags úr 42.000 í kr. 45.000. Þar sem að endurnýja þurfi búnað á skrifstofu félagsins auk kostnaðarhækkana er orðið hafi undanfarið, þá sé þessi hækkun nauðsynleg. Tillagan um árstíllag að upphæð kr. 45.000 var samþykkt. Einnig var samþykkt undir þessum dagskrárlíð tillaga um sértíllag að fjárhæð kr. 5.000 á hvern félagsmann vegna gæðaeftirlits.

#### **18. Önnur mál.**

Nýkjörinn formaður Símon Á. Gunnarsson tók til máls og þakkaði traust það er honum var sýnt. Þá þakkaði hann fráfarandi formanni, öðrum samstarfsmönnum og framkvæmdastjóra félagsins gott samstarf.

Samþykkt var að fundarritari gengi frá fundargerð í samvinnu við fundarstjóra og var fundi síðan slitið.

Sturla Jónsson fundarritari (sign.)



# Stjórn og nefndir 1999-2000

## ***Skipan stjórnar og fastanefnda FLE starfsárið 1999 — 2000***

### ***Félagsstjórn***

Símon Á. Gunnarsson, formaður  
Guðmundur Snorrason, varaformaður  
Eyvindur Albertsson, gjaldkeri  
Helena Hilmarsdóttir, ritari  
Hjalti Schiöth, meðstjórnandi  
Árni Tómasson, varamaður

### ***Álitsnefnd***

Símon Á. Gunnarsson, formaður  
Guðmundur Snorrason  
Þorvarður Gunnarsson  
Ólafur B. Kristinsson  
Heimir V. Haraldsson

### ***Endurskoðendur***

Benóní Torfi Eggertsson, endurskoðandi  
Einar H. Einarsson, varaendurskoðandi



***Menntunarnefnd FLE*** Frá vinstri talið: Páll Grétar Steingrímsson, Sigurbór C. Guðmundsson, formaður, Margret G. Flóvenz. Á myndina vantar Ómar H. Björnsson.

### ***Menntunarnefnd***

Sigurbór C. Guðmundsson, formaður  
Ómar H. Björnsson  
Margret G. Flóvenz  
Páll Grétar Steingrímsson, varamaður



***Endurskoðunarnefnd FLE*** Frá vinstri talið: Sveinn Arason, Guðríður Kristófersdóttir, formaður, Hildur Árnadóttir, Lárus Finnbogason.

### ***Endurskoðunarnefnd***

Guðríður Kristófersdóttir, formaður  
Lárus Finnbogason  
Sveinn Arason  
Hildur Árnadóttir, varamaður

### ***Reikningsskilanefnd***

Sæmundur Valdimarsson, formaður  
Jóhann Unnsteinsson  
Kristín Konráðsdóttir  
Vignir Rafn Gíslason, varamaður

### ***Skattanefnd***

Valdimar Guðnason  
Árni Tómasson  
Einar H. Einarsson  
Aðalsteinn Hákonarson, varamaður  
Vantar mynd

### ***Ritnefnd***

Anna Kristín Traustadóttir, formaður  
Dýri Guðmundsson  
Stefán D. Franklín  
Ágúst Jóhannesson, varamaður

### ***Gæðanefnd***

Sveinn Jónsson, formaður  
Halldór Arason,  
Davíð Einarsson  
Hjördís Ásberg, varamaður



Frá vinstri talið: Hjalti Schiöth, Eyvindur Albertsson, Símon Á. Gunnarsson formaður FLE, Guðmundur Snorrason og Helena Hilmarsdóttir.

#### **Uppstillingarnefnd**

Guðmundur Snorrason  
Porsteinn Haraldsson  
Sigurður P. Sigurðsson

#### **Orðanefnd**

Sigurður P. Sigurðsson  
Helga Harðardóttir  
Sigurbór Ch. Guðmundsson  
Símon Á. Gunnarsson  
Stefán Svavarsson



**Ritnefnd FLE** Frá vinstri talið: Ágúst Jóhannesson, Stefán D. Franklín, Anna Kristín Traustadóttir, formaður, Dýri Guðmundsson.



**Gæðanefnd FLE** Frá vinstri talið: Sveinn Jónsson formaður, Hjördís Ásberg, Halldór Arason, Davíð Einarsson.



# Frá Menntunarnefnd FLE

Haustráðstefna félagsins var haldin dagana 4. og 5. nóvember s.l. Þátttaka var sérstakleg góð og mættu um 160 félagsmenn til leiks. Geir Haarde fjármálaráðherra setti ráðstefnuna í Tónlistarhúsi Kópavogs og fjöldi góðra fyrirlesara fylgdi í kjölfarið og voru umfjöllunarefni fjölbreytt. Fjallað var um rafræn viðskipti, upplýsingagildi reikningsskila, alþjóðlega skattlagningu og breytt starfsumhverfi endurskoðenda. Menntunarnefndinni er það mikið ánægjuefni hversu góð þátttakan var á ráðstefnunni.

Í haust hafa verið haldin námskeið fyrir félagsmenn um tekjuskattskuldbindingar og til stendur að halda námskeið um meðferð eigin fjár í ársreikningum innan skamms. Um er að ræða námskeið þar sem fjöldi þátttakenda er takmarkaður. Er þar skemmt frá að segja að þátttaka var svo mikil að færri komust að en vildu og var því brugðið á það ráð að endurtaka námskeiðið um skattskuldbindingar sem aftur leiddi til þess að fresta varð síðara námskeiðinu.

Skattadagur félagsins verður haldinn þann 14. janúar n.k. Að venju verður þar margt athyglivert til umfjöllunar og eru félagsmenn hvattir til að taka þennan dag frá.

Menntunarnefnd þakkar félagsmönnum frábæra þátttöku í námskeiðum og ráðstefnum á liðnu starfsári og vonar að áframhald verði þar á.







# Frá reikningskilanefnd FLE

Reikningskilanefnd vill vekja athygli félagsmanna á því að reglur Reiknings-skilaráðs nr. 3 um sjóðstreymi og nr. 4 um tekjuskatt taka til reikningsskila sem samin eru fyrir tímabil sem hefjast 1. janúar 2000 eða síðar. Reikningskilaráð mælir þó með því að reglurnar verði teknar í notkun fyrr ef unnt reynist.

Reikningskilanefnd hvetur félagsmenn til að senda nefndinni fyrirspurnir um einstök atriði í reglum Reikningskilaráðs og önnur reikningsskilaviðfangsefni sem þeir telja að þarfnist samræmingar eða álits nefndarinnar á.

Hér að neðan er álit Reikningskilanefndarinnar á meðhöndlun söluhagnaðar af eigin hlutabréfum sem sent var félagsmönnum 29. september síðastliðinn.

## Söluhagnaður af eigin hlutabréfum

Til félagsmanna FLE  
Frá Reikningskilanefnd  
29. september 1999

Með bréfi dags. 1. september 1999 var óskað eftir álitum Reikningskilanefndar FLE á því hvernig skuli fara með söluhagnað af eigin hlutabréfum, sem færð hafa verið til eignar í reikningsskilum í samræmi við 34. gr. laga nr. 144/1994, um ársreikninga, þ.e. hvort hagnaður af hlutabréfunum skuli færður á eigið fé eða í rekstrarreikning.

## Umfjöllun

Í 34. gr. laga nr. 144/1994, um ársreikninga, kemur fram sú meginregla að eigin hlutabréf skuli færa til lækkunar á eigin fé. Þó er veitt heimild til þess að færa slík

bréf til eignar, enda hafi þau verið keypt á síðustu tveimur árum í þeim tilgangi að selja þau aftur. Ekki er að finna í lögnum nein ákvæði um það hvernig skuli fara með mismun á kaup- og söluverði eigin hlutabréfa. Reikningskilaráð hefur ekki fjallað um þetta efni.

Á vegum Alþjóðlegu reikningsskilanefndarinnar (IASC) starfar Álitsnefnd Alþjóðlegu reikningsskilanefndarinnar (Standing Interpretations Committee — SIC). Álitsnefndin var stofnuð í janúar 1997. Verkefni nefndarinnar er að auka nákvæmi í notkun reikningsskilareglna og samanburðarhæfni reikningsskila sem gerð eru í samræmi við staðla Alþjóðlegu reikningsskilanefndarinnar með því að fjalla um reikningsskilaleg álitamál. Álit nefndarinnar eru staðfest af Alþjóðlegu reikningsskilanefndinni og eru hluti af alþjóðlegum reikningsskilareglum.

Í álitum nr. 16 (Share Capital — Reacquired Own Equity Instruments (Treasury Shares)), frá því í júní 1998, er fjallað um framsetningu eigin hlutabréfa í efnahagsreikningi hlutafélags og hvernig mismunur á kaupverði og endurgjaldi við sölu slíkra bréfa skuli sýndur í reikningsskilum. Með eigin hlutabréfum er átt við þau hlutabréf sem félag á í sjálfu sér og hlutabréf dótturfélags í móðurfélagi.

### **Niðurstaða Álitsnefndar Alþjóðlegu reikningsskilanefndarinnar í málinu var sú að:**

- Eigin hlutabréf skuli í efnahagsreikningi færð til lækkunar á eigin fé. Kaup félags á eigin hlutabréfum skal í reikningsskilum sýna sem breytingu á eigin fé.
- Hagnað eða tap af sölu eigin hlutabréfa skal ekki færa í rekstrarreikning heldur sýna sem breytingu á eigin fé í reikningsskilum.

Eigin hlutabréf skal annað hvort sýna sem sérstakan lið meðal eigin fjár í efnahagsreikningi eða greina frá fjárhæð þeirra í skýringum.

Niðurstaða Álitsnefndarinnar byggir meðal annars á Alþjóðlegum reikningsskilastaðli nr. 32 (Financial Instruments: Disclosure and Presentation), þar sem kostnaður við að kaupa réttindi til að kaupa eigin hlutabréf er færður til lækkunar á eigin fé, en ekki sem eign (financial asset). Í þessum sama staðli eru breytingar á eigin fé vegna endurkaupa á eigin hlutabréfum talin sýna skipti milli þeirra eigenda félags sem láta eignarrétt sinn af hendi við sölu og hinna sem eiga sinn hlut áfram, fremur en hagnað eða tap félagsins af viðskiptunum. Þannig verða kaup og sala félags á eigin hlutabréfum ekki talin mynda hagnað eða tap hjá félaginu.

Niðurstaða Álitsnefndar Alþjóðlegu reikningsskilanefndarinnar gildir fyrir reikningsár sem hefjast 1. júlí 1999 og síðar, en hvatt er til þess að henni verði beitt fyrr.

## Niðurstaða

Það er álit Reikningskilanefndar FLE að eigin hlutabréf skuli færð til lækkunar á eigin fé og að mismunur á kaupverði og söluverði eigin hlutabréfa hlutafélags skuli í öllum tilvikum færa til hækkunar eða lækkunar á eigin fé félagsins.



# Vinna starfshóps FLE um menntunarmál endurskoðenda

Í lok síðasta árs skipaði stjórn FLE starfshóp til að fjalla um menntunarmál endurskoðenda, bæði bóklega menntun, starfsþjálfun og löggildingarferlið. Í hópinn voru skipuð auk undirritaðs, Birgir Finnbogason, Margret G. Flóvenz, Sigurbór C. Guðmundsson, Stefán Svavarsson og Sveinn Jónsson.

Á aðalfundi í nóvember síðastliðnum var flutt yfirlit um þau atriði sem hópurinn hefur fjallað um og þær hugmyndir sem upp hafa komið um tillögur til breytinga á núverandi fyrirkomulagi. Rétt er að ítreka að hér er um hugmyndir að ræða en ekki endanlegar tillögur, en rétt þykir að gera nokkra grein fyrir þeim hér í FLE fréttum.

## Aðdragandinn

Í upphafi er rétt að fara lauslega fyrir helstu ástæður þess að talið var nauðsynlegt að taka menntunarmál endurskoðenda til skoðunar. Fyrst má telja að í raun hafa litlar breytingar orðið á menntunarmálum endurskoðenda í rúmlega tvo áratugi eða frá því að lög voru sett um löggilta endurskoðendur á árinu 1976. Á þeim árum sem síðan eru liðin hafa orðið ýmsar breytingar á menntun á öðrum sviðum og nám í viðskiptafræði í Háskóla Íslands hefur tekið miklum breytingum á síðustu árum. Þrjú ára BS nám hefur náð miklum vinsældum og Cand. oecon prófið hefur liðið fyrir það. Þar af leiðandi hefur aðsókn í endurskoðunarnámið minnkað.

Önnur atriði sem hér má nefna eru t.d. að erlendis hafa kröfur til menntunar endurskoðenda verið að aukast og við Íslendingar verðum að gæta þess að staða okkar menntunar verði ekki lakari en annarra þjóða, þannig að vottun okkar á reikningsskil fyrirtækja á alþjóðamarkaði verði tekin fullgild. Við þurfum einnig að

hyggja að framtíðarstöðu endurskoðenda í þjóðfélaginu á þann hátt að starfið njóti þeirrar virðingar sem það verðskuldar og þyki spennandi starfsvettvangur fyrir okkar besta hæfileikafólk. Í þessu sambandi þarf einnig sérstaklega að skoða löggildingarferlið sem ég tel að fæli ungt fólk frá því að velja endurskoðunarstarfið sem sinn framtíðarvettvang.

## Bóklega menntunin

Í starfi sínu hefur hópurinn haft til hliðsjónar staðal IFAC um endurskoðunarnámið sem gefinn var út í október 1996. Í honum eru lagðar línur um hverjar lágmarkskröfur skuli gera til þeirra sem fá endurskoðunarréttindi. Í stuttu máli eru þar gerðar kröfur um háskólanám bæði almennt og a.m.k. tveggja ára sérhæft nám til viðbótar við það. Gerð er krafa um löggildingarpróf, annaðhvort í lok bóklegs náms eða við lok vinnuskyldu, en gerð er krafa til þess að vinnuskyldan sé ekki minni en þrjú ár.

Sem fyrr segir er cand oecon námið í Háskóla Íslands að verða einangrað í kerfi sem mun í framtíðinni byggjast á BS gráðum og Masters gráðum. Í því felst að endurskoðunarnám sem byggðist á cand oecon gráðu yrði utanveltu og fráhrindandi fyrir háskólanema. Hópurinn hefur því í reynd velt upp annars vegar þeim möguleika að leggja til BS nám en hins vegar þeim möguleika að leggja til að gerð verði krafa til Masters náms. Í stuttu máli hefur umræðan þróast í þá átt að til-laga um BS nám væri skref aftur á bak og tillaga um minni menntunarkröfur en áður væri algerlega á skjön við þá þróun sem orðið hefur annars staðar. Hugmyndir hópsins í dag hníga því í þá átt að leggja til að gerð verði krafa um Masters gráðu í reikningshaldi og endurskoðun. Reikna má með að gerð verði tillaga um

tveggja ára Masters nám að loknu BS prófi. Ekki verði gerð krafa um að BS gráðan verði í viðskiptafræðum en þeir nemar sem kæmu úr öðrum greinum þyrftu væntanlega að ljúka námi í einhvers konar "aðfarargreinum". Einnig hefur verið gengið út frá því að BS gráðan geti verið frá hvaða skóla sem er á háskólastigi. Hópnum er það hins vegar ljóst að miðað við framboð á kennslu í reikningshaldi og endurskoðun er ekki raunhæft að reikna með að kennsla til Masters prófs á því sviði verði á fleiri en einum stað á landinu.

## Starfsþjálfun og löggildingarpróf.

Starfshópurinn hefur gert könnun hjá nokkrum endurskoðunarfyrirtækjum á fyrirkomulagi starfsþjálfunar endurskoðunarnema. Í stuttu máli er víðast hvar ekki fast form á þessari þjálfun, þótt stærstu fyrirtækin virðist vera að skilgreina ákveðin ferli í þjálfuninni. Það er hins vegar áberandi að endurskoðunarnemar eru farnir að gera kröfur til þess að þau fyrirtæki sem þeir ráða sig í vinnu hjá, haldi uppi námskeiðum og markvissum undirbúningi undir löggildingarpróf.

Sem fyrr segir gerir IFAC staðallinn ráð fyrir því að haldin séu sérstök löggildingarpróf. Starfshópurinn hefur gengið út frá því í sinni vinnu að þeim verði þar af leiðandi ekki sleppt. Umræðan hefur hins vegar snúist um tímasetningu prófanna og þá einkum hvort nauðsynlegt sé að gera kröfu til þess að starfsþjálfun ljúki áður en kemur að prófunum. Um þetta gilda mismunandi reglur í hinum ýmsu löndum og hafa því hugmyndir verið uppi innan hópsins um að leyfa nemum að ákveða tímasetningu prófsins án tillits til



starfsþjálfunar. Það sem einkum mælir með þeirri aðferð er að "sían" í löggildingarferlinu er í núverandi fyrirkomulagi mjög seint á ferðinni. Miðað við að prófmenn klára sjaldnast öll próf í einni atrennu, má reikna með að endurskoðunarnemar fái um það "úrskurð" í fyrsta lagi um þrítugt hvort þeir hafi valið sér réttan starfsvettvang eða ekki. Í samhengi við þessa ákvörðun þarf einnig að athuga innihald löggildingarprófanna og hvort breyta eigi áherslum í þeim.

Ef sú tillaga verður gerð að löggildingarprófin þurfi ekki endilega að þreyta í lok starfsþjálfunar þarf að ákveða hvort skilgreina verður betur í hverju starfsþjálfun í endurskoðunarfyrtækjum felst og setja ákveðnar reglur þar um. Hugsanlega yrðu settar viðmiðanir um ákveðna lágmarks-vinnu við hinu ýmsu svið starfsins, námskeiðahald innan fyrirtækisins o.s.frv. Í þessu samhengi mætti t.d. hugsa sér einhvers konar gæðavottunarferli á vegum FLE. Um þetta hefur hópurinn ekki myndað sér ákveðnar hugmyndir.

## Niðurlag.

Það skal enn ítrekað að starfshópurinn hefur ekki lokið störfum og ekki sett fram endanlegar tillögur. Markmiðið er að ljúka því sem fyrst á nýju ári og skila tillögum til stjórnar FLE og þeirra aðila sem tilnefndu fulltrúa í hópinn. Í framhaldinu þarf að vinna að framgangi þeirra breytinga sem samkomulag verður um. Í ljósi stöðu endurskoðunarnámsins tel ég nauðsynlegt að breytingar verði gerðar hið fyrsta en reikna verður með að breytingar á bóklegu námi geti ekki orðið fyrr en í fyrsta lagi haustið 2001.

Þessar hugmyndir eru settar hér fram félagsmönnum FLE til upplýsingar og hugleiðingar. Starfshópurinn hvetur félagsmenn og aðra til að viðra hugmyndir sínar og athugasemdir, annaðhvort á þessum vettvangi eða beint við hópinn.

Simon Á. Gunnarsson

# Námskeið í boði

## Fyrir félagsmenn

### FLE

Fyrri hluta janúar 2000 er stefnt að því að halda áður auglýst námskeið um sameiningu félaga og meðferð eigin fjár í ársreikningum, undir leiðsögn Stefáns Svavarssonar.

Langur biðlisti er á námskeiðið. Dagsetningar eru ekki frágengnar, en í ársbyrjun verður haft samband við þá sem þegar hafa skráð sig til þátttöku.

## Fyrir nema á endurskoðunarstofum

Í janúar er fyrirhugað að halda af stað með áður auglýst námskeið fyrir nema á endurskoðunarstofum. Eins og áður hefur komið fram þá er skilyrði til þátttöku að lokið sé a.m.k. tveggja ára undirbúningsnámi. Leiðbeinandi verður Stefán Svavarsson.

Margir hafa skráð sig á námskeiðið og verður haft samband við væntanlega þátttakendur í ársbyrjun, eða þegar dagsetningar liggja fyrir.

## Endurmenntunarstofnun HÍ.

### Námskeið í Janúar

#### Skattamál -

#### Nýlegar breytingar

nr. 167

#### Einnig í

#### fjarkennslu

nr. 168

Nýlegar breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt. Farið yfir breytingar á öðrum lögum sem varða skatta og atriði sem tengjast framtalsgerð vegna tekjuársins 1999.

Kennari: Árni Tómasson viðskiptafræðingur, löggiltur endurskoðandi hjá Lög-

giltum Endurskoðendum hf. og stundakennari við HÍ.

Tími: 20. jan. kl. 16:00-19:00.

Verð: 6.200 kr.

Ein: 4,5

#### Sjóðstreymi

nr. 169

Ætlað endurskoðendum, aðalbókurum og öðrum sem vilja fylgjast með þróun í gerð reikningsskila.

- Gerð sjóðstreymis, breytingar Reikningsskilaráðs á reglum um gerð sjóðstreymis og rökin fyrir þeim. Hvernig túlka ber meginniðurstöður í yfirliti um sjóðstreymi. Farið yfir umfangsmikið verkefni í gerð sjóðstreymis.

Kennari: Stefán Svavarsson dósent og löggiltur endurskoðandi.

Tími: 25. jan. kl. 15:30-19:00.

Verð: 5.900 kr.

Ein: 5,25

#### Notkun upplýsingatækni við skattframtöl og ársreikninga

nr. 361

Ætlað endurskoðendum, aðalbókurum stærri fyrirtækja, bókhöldurum og starfsfólki á endurskoðenda- og bókhaldsskrifstofum.

Notkun hugbúnaðarkerfisins „Stjórnkerfi, uppgjör- og skjalavistunarkerfi“ sem sérstaklega er sniðið að þörfum endurskoðunar- og bókhaldsstofa kynnt. Sérstaklega farið yfir notkun og möguleika skattskilahluta kerfisins með áherslu á rafræn skil framtala til skattayfirvalda. Einnig: Notkun EXCEL-fjölva þar sem niðurstöður bókhalds eru yfirfærðar úr bókhaldskerfum í fjölvann og þar lokið við framsetningu ársreiknings á einfaldan hátt.

Kennarar: Ingimundur Helgason bókhaldari og Ragnar Guðgeirsson löggiltur endurskoðandi.

Tími: 25., 26. og 27. jan. kl. 8:30-12:30.

Verð 13.000 kr.

Ein: 18

Endurtekið 9.-11. febrúar og 23.-25. febrúar



# Menntun endurskoðenda

Ef litið er til sögu menntunar endurskoðenda hér á landi, þá skiptist hún í 3 megin tímabil. Árið 1926 voru samþykkt á Alþingi lög um löggilta endurskoðendur. Það var svo þremur árum síðar, að fyrstu menn hlutu löggildingu í endurskoðun á Íslandi en í reglugerð um nefnd lög var ákveðið, að fyrsta prófnefndin fengi löggildingu án prófa. Í nefndinni áttu sæti Björn E. Árnason, Jón Sívertsen og Jón Guðmundsson.

Á fyrsta tímabilinu, sem stóð frá 1926 til 1947 var ekki boðið upp á formlega menntun af hálfu prófnefndar né annarra, og urðu menn sjálfir að ákveða hvernig undirbúningi skyldi háttað. Á þessu tímabili urðu prófmenn, á grundvelli þágildandi laga, að standast bæði verklegt og bóklegt próf. Fyrst var lagt fyrir verklegt próf og þurftu menn að standast það til að fá að gangast undir bóklega prófið. Prófið fór þannig fram, að prófmenn sendu til prófnefndar eitt, stundum tvo verkefni, sem þeir höfðu leyst án aðstoðar annarra. Þá lagði prófnefndin fyrir prófmenn tvö, eða þrjú verkefni, sem þeir áttu að leysa á viðunandi hátt. Bóklega prófið var tekið þegar menn höfðu leyst verklega prófið á fullnægjandi hátt að mati prófnefndar. Prófað var í almennri viðskiptafræði, verslunarrétti og verslunarreikningi. Um almenna viðskiptafræði var þó tekið fram, að umsækjendur skyldu m.a. þekkja í höfuðatriðum til upphafs og þróunar verslunar og réttinda og skyldna verslunarstéttarinnar. Það er eftirtektarvert í þessu sambandi, að ekki virðist hafa verið prófað í endurskoðun, þrátt fyrir fyrirmæli laga. Tilraun var gerð til að

fá opinberan stuðning til menntunar endurskoðenda á árinu 1937, en sú tilraun mistókst.

Félag endurskoðenda fékk síðar prófessor Gylfa Þ. Gíslason til að standa fyrir námskeiðum fyrir verðandi endurskoðendur og hófst hið fyrsta 1947 og bar félagið kostnaðinn af því. Og með þessu námskeiðahaldi hófst annað tímabil í sögu menntunarmála endurskoðenda. Þetta tímabil stóð frá 1947 til 1976. Ný lög voru síðar samþykkt á Alþingi 1953 um löggilta endurskoðendur og skyldu prófmenn nú gangast undir bókleg próf í sjö greinum og standast, áður en verkleg próf væru tekin.

Til undirbúnings bóklegu prófunum voru haldin námskeið í endurskoðun, skattskilum, reikningshaldi, þjóðhagfræði, rekstrarhagfræði, viðskiptareikningi, tölfræði, og lögfræði. Námskeiðahaldið tók þrjú ár og voru námskeiðin haldin á haustin. Kennarar voru úr viðskipta- og lagadeildum háskólans en endurskoðendur kenndu skattskil og endurskoðun. Segja má, að þessi tengsl við háskólann hafi orðið til þess að allt bóklegt nám til löggildingar í endurskoðun færðist inn í háskólann.

Á árinu 1976 voru samþykkt ný lög um löggilta endurskoðendur. Þá hófst það skeið í menntunarmálum endurskoðenda, sem við búum nú enn við. Nám í endurskoðun hafði þá um langt árabil farið fram á háskólastigi erlendis, sums staðar frá því um aldamót.

Í lögum nr. 67/1976 um löggilta endur-



skoðendur kom fram, að til þess að hljóta löggildingu þurftu menn að hafa lokið brottfararprófi frá viðskiptadeild Háskóla Íslands með endurskoðun sem kjörsvið, hafa unnið að alhliða endurskoðunarstörfum undir stjórn löggilts endurskoðanda í þrjú ár og gangast undir verkleg próf. Að flestra mati stóðst þetta nám fyllilega samanburð við nám í endurskoðun við erlenda háskóla.

Á árinu 1997 voru sett ný lög um endurskoðendur og voru menntunarkröfur þar óbreyttar frá lögunum frá 1976.

Almennt séð hefur ríkt ánægja með þetta fyrirkomulag á undanförunum 20 árum. Hins vegar er ljóst að töluverðar breytingar hafa orðið á námi við Háskóla Íslands á þessum tíma og er viðskiptadeild þar ekki undanskilin. Breytingar í öllu nánasta starfsumhverfi endurskoðenda hafa einnig verið miklar og hver tækninýjungin hefur rekið aðra sem endurskoðendur jafnt sem aðrir hafa þurft að aðlagast. Endurskoðun á þessu námsfyrirkomulagi er því löngu orðin tímabær.

Nú hefur það gerst að síðustu 3-4 árin hefur nemum á endurskoðunarsviði farið jafnt og þétt fækkandi og voru t.d. aðeins skráðir 28 nemar á haustönn 1998 á endurskoðunarsviði í viðskiptadeild Háskóla



Íslands. Á árinu 1999 var þessi fjöldi 24. Endurskoðunarfyrirtæki hafa orðið vör við það að sífellt er erfiðara að ráða hæft starfsfólk til starfa við endurskoðun og má segja að slegist hafi verið um viðskiptafræðinga sem útskrifast hafa af endurskoðunarsviði.

En hver er ástæða þess að áhugi nemenda í viðskiptafræði hefur minnkað svo mikið fyrir endurskoðunarnáminu?

Til þess að leita svara við spurningum af þessu tagi skipaði stjórn FLE starfshóp í lok árs 1998 til þess að fjalla um þessi málefni og gera tillögur um hvernig breyta megi tilhögun náms til endurskoðunar.

Á aðalfundi FLE sem haldin var 5. nóvember s.l. kom Símon Gunnarsson formaður FLE inn á þessi mál í erindi sínu. Fjallaði hann um þær tillögur sem starfshópurinn hefur rætt um og kom það nokkuð á óvart í máli hans að svo virtist sem starfshópurinn hyggðist leggja fram tillögur um hvernig lengja og þyngja mætti námið með vísan í erlenda staðla og gera það enn meira óaðlaðandi en nú er.

Hver er sú mynd sem blasir við stúdent sem hyggst velja sér námsgrein og kjörsvið í Háskóla Íslands. Fyrir nokkrum árum var almenn eftirspurn eftir viðskiptafræðingum ekki eins mikil og hún er í dag, en endurskoðunarstarfið virtist vera eftirsótt. Þar var um að ræða örugga vinnu, launakjör voru þokkaleg og mikil vinna var fyrir þá sem vildu. Að vísu voru verkleg próf að lokinni 3 ára starfsþjálfun á endurskoðunarskrifstofu, en námsmenn virtust ekki setja það fyrir sig.

Á þessu hefur orðið mikil breyting. Viðskiptafræðingar eru eftirsóttir í dag og hafa t.d. fjármálafyrirtæki haft mikla þörf fyrir slíkt fólk. Eftirspurnin hefur gert það að verkum að laun hafa hækkað verulega, þannig að laun og önnur starfskjör sem endurskoðunarskrifstofur hafa boðið útskrifuðum viðskiptafræðingum af endurskoðunarsviði eru engan vegin í takt við það sem þessu fólk býðst annars staðar.

Starfsþjálfun sem viðskiptafræðingar eða endurskoðunarnemar hafa fengið hefur verið mjög mismunandi og það hefur engan vegin verið tryggt að 3 ára starf á endurskoðunarskrifstofu hafi gert þá hæfa til að takast á við löggildingarprófin, enda ná mjög fáir þeim öllum í fyrstu tilraun. Undirbúningur fyrir löggildingarpróf hefur í nánast öllum tilvikum kallað á nokkurra vikna launalaus leyfi nemanna, sem í flestum tilvikum eru fjölskyldufólk, og það gefur auga leið að slík launalaus tímabil ár eftir ár koma sér mjög illa fyrir þá svo og vinnuveitendur þeirra.

Þörfin fyrir endurnýjun í endurskoðunarstétt er knýjandi og ljóst að a.m.k. 8-10 nýja endurskoðendur þarf að útskrifa árlega til þess að okkur takist að halda í við þann vöxt sem verður fyrir þjónustu okkar í þjóðfélaginu á komandi árum. Auk þess má búast við því að sífellt fleiri endurskoðendur fari til annarra starfa þannig að þessi fjöldi þarf hugsanlega að vera enn meiri.

Nú má ekki skilja orð mín þannig að til þess að leysa þessi mál þurfi að auðvelda námið eða minnka kröfur um hæfni. Síður en svo. Um það snýst umræðan ekki. Hún snýst um það hvort okkur takist að breyta námi í endurskoðun á þann hátt að það sé aðlaðandi kostur þegar stúdentar velja sér námsgrein og kjörsvið í Háskóla Íslands og að í þessa atvinnugrein leiti gott og samvirkusamt fólk sem muni styrkja okkar stétt á komandi árum.

Þau atriði sem ég tel að starfshópur um menntunarmál þurfi að fjalla um þegar ákveðnar verða breytingar á endurskoðunarnáminu eru t.d. eftirfarandi.

1. Í stað þess að ljúka 4 ára námi í viðskiptafræði af endurskoðunarkjörsviði komi 3 ára BS nám í viðskiptafræði og síðan 2 ára master nám í reikningskilum og endurskoðun.
2. Löggildingarprófin í núverandi mynd verði lögð niður, en til þess að hljóta löggildingu þurfi þeir sem lokið hafa masternámi að vinna 3 ár á endur-

skoðunarskrifstofu undir stjórn löggilts endurskoðanda.

3. Starfsþjálfun verði samræmd milli endurskoðunarfyrirtækja þannig að allir endurskoðunarnemar fái svipaða þjálfun. Setning reglugerðar um starfsþjálfun kæmi til greina.
4. FLE standi fyrir ákveðnum fjölda sérhæfðra námskeiða fyrir endurskoðunarnema sem þeir skulu sækja á starfsþjálfunartímanum (skyldumæting).

Með þessu móti tel ég að endurskoðunarstéttinni takist aftur að keppa við aðrar háskólagreinar um úrvals námsfólk og fjölga að nýju þeim námsmönnum sem leggja viðskiptafræði og endurskoðun fyrir sig.

Stefán D. Franklín

## Til sölu á skrifstofu FLE

“Handbók endurskoðenda”. Útg. af FLE, 1996. Verð kr. 2.280,-

“Íðorðaskrá endurskoðenda”. Útg. af orðanefnd FLE 1996. Verð kr. 2.280,-

“FEE- The SME business guide to the Year 2000”. Höf: Lynn Craig og Mike Kusmirak. Útg. Cambridge Publishers Ltd., 1998. Verð kr. 1.600,-

IFAC Handbook 1998, Technical Pronouncements. Verð kr. 4.799,-

IASC International Accounting Standards 1999, incl. IAS 39. Verð kr. 4.799,-



# Úttekt á ársreikningum á verðbréfaþingi Íslands

## Almennt

Sumarið 1999 gerði greinarhöfundur úttekt á ársreikningum þeirra félaga sem hafa hlutabréf sín skráð á Verðbréfaþingi Íslands. Tilgangurinn með úttektinni var að rannsaka hvort ársreikningar félaganna væru í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Þau lög sem einkum var litið til og ná yfir ársreikninga félaga á Verðbréfaþinginu eru lög nr. 144/1994 þ.e. ársreikningalögin (hér eftir skammstafað árl.) og reglugerð 696/1996 sem fjallar um framsetningu og innihald ársreikninga. Einnig voru höfð til hliðsjónar ákvæði og tilskipanir sem samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið inniheldur varðandi félagarétt. Þar koma einkum til 4. tilskipunin sem fjallar um ársreikninga félaga af tiltekinni tegund.

Við úttektina var megináherslan lögð á að skoða ársreikninga fyrirtækja annarra en fjármálafyrirtækja og var 51 ársreikningur tekinn til skoðunar. Farið var yfir ársreikninga ársins 1998 fyrir þau félög sem skráð hafa hlutabréf sín á VPÍ. Hér á eftir verður í grófum dráttum farið yfir nokkur atriði sem þóttu á einhvern hátt athugunarverð og skoðaðir ýmsir þeir þættir sem félögin meðhöndla á ólíkan hátt í ársreikningum sínum og draga úr samanburðarhæfni milli ársreikninga félaganna, en samanburðarhæfnin er einn megintilgangur staðlaðrar ársreikningagerðar.

## Framsetning rekstrarreiknings

Í 11.-18. gr. reglugerðar nr. 696/1996 er nákvæmlega tiltekin framsetning og inni-

hald rekstrarreikningsins. Þessi uppsetning byggir á ákvæðum 4. tilskipunarinnar en heppilegra þótti að hafa slíka uppsetningu í reglugerð frekar en lögum. Sú staðlaða uppsetning á rekstrarreikningnum sem birtist í reglugerð 696/1996 miðar að því að draga fram afkomu af reglulegri starfsemi bæði fyrir og eftir skatta en sérgreina óreglulega liði ársreikningsins.

Við skoðun á því hvort uppsetning rekstrarreiknings væri í samræmi við reglugerð 696/1996 kom í ljós að öll félögin leiddu fram afkomu eftir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eins og reglugerðin kveður á um en ýmsar útgáfur voru af framhaldinu. Samkvæmt reglugerðinni á að sýna sérstaklega í rekstrarreikningi skatta af reglulegri starfsemi og eign í árslok en óreglulega liði og skattaleg áhrif þeirra skal svo sýna þar fyrir neðan. Þannig er dregin fram ein mikilvægasta stærðin í rekstrarreikningnum sem er afkoma af reglulegri starfsemi eftir skatta en í um 25% tilvika var hún ekki sýnd sérstaklega. Til samanburðar voru 38% sem ekki sýndu þessa stærð í rekstrarreikningi 1997. Þrátt fyrir að félögin virðist í auknum mæli vera að tileinka sér uppsetningu rekstrarreiknings samkvæmt reglugerðinni er heildarniðurstaðan sú að félögin fylgja reglugerðinni ekki nægilega vel einkum þegar kemur að síðari hluta rekstrarreikningsins. Reyndar er ákvæði í 13. gr. reglugerðar nr. 696/1996 sem heimilar að víkja frá lögboðinni uppsetningu rekstrarreikningsins gefi hún ekki nægilega glögga mynd af rekstrinum en í sömu grein er einnig kveðið á um að nýti félögin sér þessa heimild skuli gera grein fyrir því í skýringum og rökstyðja frávikin.



## Meðferð hlutdeildarfélaganna í rekstrarreikningi

Samkvæmt 12. gr. reglugerðar 696/1996 um uppsetningu rekstrarreiknings er gert ráð fyrir því að hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarfélaganna færast sem sérliður neðst í rekstrarreikningnum. Í nokkrum tilfellum var þessi stærð þó flokkuð meðal óreglulegra liða sem er ekki í samræmi við reglugerðina. Nokkur félög færðu þennan lið ofar í rekstrarreikninginn þannig að hlutdeild í hagnaði eða tapi af eign í dóttur- og hlutdeildarfélagum kom inn í hagnað af reglulegri starfsemi. Slík framsetning er í samræmi við 4. tilskipunina og í öllum tilfellum kom það skýrt fram í skýringum þeirra félaga sem höfðu þennan háttinn á. Það er óheppilegt að reglugerðin og 4. tilskipunin skarist með þessum hætti enda getur mismunandi framsetning haft veruleg áhrif hagnað af reglulegri starfsemi sem er ein af lykilstærðum rekstrarreikningsins. Þetta vandamál hlýtur að kalla á breytingar á reglugerðinni til samræmis við 4. tilskipunina enda brýtur þetta ósamræmi í bága við tilgang og markmið reglugerðarinnar sem er að samræma uppsetningu íslenska ársreikningsins við ársreikninga annarra ríkja innan EES.



## Framsetning efnahagsreiknings

Í 2.-4. gr. reglugerðar 696/1996 er nákvæmlega skilgreint hvernig framsetning efnahagsreiknings á að vera og öll frávik frá hefðbundinni uppsetningu þarf að rökstyðja í skýringum. Í öllum meginatriðum var framsetning efnahagsreikninga félaganna á VPÍ í samræmi við ársreikningalögin og reglugerð 696/1996 og matsreglum laganna fylgt. Dæmi má þó finna þar sem veltufjármunir voru ekki flokkaðir niður í sérstaka liði, þ.e. í vörubirgðir, skammtímakröfur, verðbréf og handbært fé og þeir síðan sundurliðaðir eins og reglugerðin gerir ráð fyrir og sjaldnast voru leiddar fram neinar millisummur meðal veltufjármuna. Þetta eru ekki atriði sem stangast á við lögin en efnahagsreikningur hjá þeim fyrirtækjum sem sýndu veltufjármuni sundurliðaða með kerfisbundnum hætti var skýrari og aðgengilegri en hjá þeim félögum sem ekki notuðu þessa framsetningu. Skammtímaskuldir voru hins vegar undantekningalítið í samræmi við reglugerðina. Helstu frávikin sem þar komu fram milli félaga vörðuðu skuldfærslu arðs en slíkt getur skapað verulegt ósamræmi við samburð á eiginfjárstöðu fyrirtækja. Í ársreikningum fyrir árið 1997 voru um 20% fyrirtækja sem skuldfærðu úthlutadán arð en hlutfallið er komið niður fyrir 10% 1998. Þróunin virðist því vera í þá átt að færa arðinn við greiðslu en skuldfæra hann ekki og þrátt fyrir að ekki eru skýrar reglur til um þetta tiltekna atriði er nauðsynlegt sem fyrr að halda samræmi og jákvætt að félögin stefni í sömu átt.

## Langtímaskuldir

Í 35% tilfella var framsetning langtímaskulda ekki í samræmi við reglugerð 696/1996 en þar er gert ráð fyrir að langtímaskuldir séu flokkaðar í skuldabréfalán, lán tengd afkomu og svo hverjum sé skuldað. Algengast var að þau félög sem ekki fylgdu þessari framsetningu skiptu langtímaskuldunum upp í innlendar og

erlendar skuldir eða verðtryggðar og óverðtryggðar skuldir. Í 2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar segir reyndar að víkja megi frá ákvæðum um framsetningu efnahagsreikningsins ef þau leiða til þess að efnahagsreikningurinn gefi villandi og óskýra mynd af efnahag félagsins. Á grundvelli þessa ákvæðis teljast því stjórnendur hafa fulla heimild til þess að flokka og sundurliða langtímalánin á þann hátt sem þeir telja að gagnast best notendum ársreikningsins. Eins og áður er getið er í 35% tilfella ekki stuðst við þá framsetningu langtímalána sem birt er í reglugerðinni sem gefur vísbendingu um það að þessi framsetning henti ekki nægilega vel íslenskum aðstæðum.

## Skráning eignarhluta í öðrum félögum

Það vakti athygli hversu mikið ósamræmi er á milli félaga varðandi eignfærslu eignarhluta í öðrum félögum og hversu ófullnægjandi skýringar eru oft á tíðum varðandi hvaða eignarhluti félögin eiga, hvaða félög tilheyra samstæðureikningi sé hann saminn o.s.frv. Einnig virtist í nokkrum tilfellum sem félög beittu ekki hlutdeildaraðferð yfir eignarhluti sína, þrátt fyrir að allar forsendur væru til þess, og hlífðu þar með rekstrarreikningnum við afkomu dótturfélaga. Lögin bjóða reyndar upp á talsvert frelsi þegar kemur að skráningu eignarhluta í öðrum félögum. Megin niðurstaða úttektarinnar á ársreikningunum hvað þetta atriði varðar var sú að næði eignarhluti í einstöku félagi ekki yfir 50% þá var sveigjanleiki laganna nýttur til hins ýtrasta og hlutirnir eignfærðir á upphaflegu kostnaðarverði, framreiknuðu kostnaðarverði, markaðsverði, nafnverði eða hlutdeildaraðferð beitt. Allar þessar aðferðir við eignfærslu eiga sér stoð í lögum nema sú aðferð að eignfæra við upphaflegu kostnaðarverði án framreiknings m.t.t. verðbreytinga en finna mátti félög sem beittu þeirri aðferð. Yfirleitt héldu félögin sig þó við sömu aðferð við eignfærslu eignarhluta en finna mátti dæmi þess að félög skiptu um aðferð við eignfærslu án þess

að breytingin væri rökstudd á fullnægjandi hátt. Það er vafamál hvort sá mikli sveigjanleiki sem lögin bjóða upp á varðandi eignfærslu hluta í öðrum félögum sé æskilegur því reynslan hefur sýnt að of mikið svigrúm leiðir óhjákvæmilega til misnotkunar og getur haft skaðleg áhrif samburðarhæfni milli félaga. Þetta atriði þarf einkum að skoðast í ljósi þess hve íslenski hlutabréfamarkaðurinn fer ört stækkandi og hversu mikið félögin hafa fjárfest hvert í öðru.

## Skýringar

Um skýringar með ársreikningi er fjallað í 36.gr - 51. gr IV. kafla ársreikningalaganna og í 22. gr. — 28. gr. reglugerðar 696/1996. Einnig eru talin upp í 52. gr. árl. atriði sem birta þarf í skýringum séu þau ekki birt í skýrslu stjórnar. Mjög nákvæmlega eru tiltekin þau atriði sem gerð er krafa um að birtist í skýringum og við yfirferð yfir ársreikningana kom í ljós að yfirleitt vantaði alltaf einhver atriði inn í skýringar þó sjaldnast væru þau stórvægileg. Dæmi um atriði sem oft vantaði í skýringar en gerð er krafa um í lögnum voru:

- Fullnægjandi upplýsingar um eignarhluti í öðrum félögum.
- Bókfært verð veðsettra eigna
- Þau félög sem áttu eigin bréf gáfu sjaldnast eins jafn nákvæmar upplýsingar um þau eins og þeim er skylt skv. 49.gr.árl.
- Skýringum varðandi skattamál var víða mjög ábótavant.
- Nokkuð bar á því að fullnægjandi skýringar vantaði með óefnislegum eignum t.d. hvað væri verið að eignfæra og forsendur fyrir eignfærslunni.

Þrátt fyrir að víða hafi vantað í ársreikningana upplýsingar sem krafist er í lögum er reyndar að finna heimildir sem kveða á um sleppa megi að veita ákveðnar upplýsingar teljist þær óviðeigandi, ekki mikilvægar eða upphæðir óverulegar. Ákvæði af þessu tagi í lögnum eru nauðsynleg til þess að ársreikningurinn missi ekki marks og að mikilvæg atriði tynist ekki innan um smá-



atriði sem litlu máli skipta. Ókosturinn við þetta er hins vegar sá að fyrir lesendur ársreikningsins er engin leið að átta sig á því hvenær tilteknar upplýsingar vantar í ársreikninginn og hvenær þeim hefur verið sleppt á grundvelli þess að þær teljist ekki mikilvægar. Dæmi um þetta eru t.d. afleiðusamningar sem eru að verða mjög útbreiddir en sjaldnast er getið um þá í ársreikningum þrátt fyrir að þeir geti haft veruleg áhrif á framtíðarrekstur og afkomu. Í þessum tilfellum verða notendur ársreikninga einfaldlega að treysta stjórnendum og þeirra dóm-

greind á því hvað telst verulegt eða óverulegt.

## Lokaorð

Niðurstaða úttektarinnar var sú að yfirleitt stóðust þeir þær kröfur sem til þeirra eru gerðar og flest félögin leggja mikinn metnað í gerð vandaðra ársskýrsla. Ýmislegt má þó betur fara og stöðugt þarf að vinna í þessum málum og aðlaga íslensk reikningsskil í takt við alþjóðlega staðla og reglur. Þróun við

gerð reikningsskila er í þá átt að stöðunin verði slík að hægt verði að leggja fram ársreikninga óbreytta fram hvar sem er í heiminum. Brýna nauðsyn ber til þess strax frá upphafi að gera miklar gæðakröfur til íslenskra ársreikninga og auðvelda þannig íslenskum fyrirtækjum að nýta sér sóknarmöguleika bæði hérlandis og á erlendum mörkuðum á nýrri öld.

Árni Claessen, viðskiptafræðingur hjá Ernst & Young

## Til hamingju með afmælið!

**80 ára** þann 03.02.2000 Kolbeinn Jóhannsson Tómasarhaga 34

**60 ára** þann 01.03.2000 Guðni S. Gústafsson KPMG endurskoðun hf.

**60 ára** þann 07.05.2000 Þór Oddgeirsson ÁTVR Stuðlahálsi

**50 ára** þann 16.02. 2000 Sigurður Hafsteinn Pálsson Deloitte & Touche hf., Egilsstöðum

**40 ára** þann 21.02.2000 Ágúst Jóhannesson Ernst & Young

**40 ára** þann 03.04.2000 Gunnar M. Erlingsson BDO Endurskoðun ehf.

**40 ára** þann 17.04.2000 Birkir Leósson Deloitte & Touche hf.

**40 ára** þann 24.05.2000 Rögnvaldur Dofri Pétursson BDO Endurskoðun ehf.

**30 ára** þann 23.04.2000 Jónas Gestur Jónasson Deloitte & Touche hf., Snæfellsbæ

## Opnunartími skrifstofu FLE

Skrifstofa FLE er opin mánudaga til fimmtudaga frá kl. 9 - 12:30.

Síminn er: 568 8118

Faxnúmer er: 568 8139

Tölvupóstfang er: [fle@islandia.is](mailto:fle@islandia.is)

Heimasíða FLE er: [fle.is](http://fle.is)

# Viðskipti á Netinu um 500 millj. kr.

Netverslun — bylting, þróun og öryggi — var í brennidepli á haustráðstefnu Félags löggiltra endurskoðenda. Tryggvi Jónsson, aðstoðarforstjóri Baugs hf., sagði að viðskiptin fyrstu mánuði ársins hafi allt að þrefaldast, aukist úr 7% í lok síðastliðins árs í 15-20% þeirra sem hafa aðgang að netinu. Könnun sem Gallup birti í haust benti raunar til meiri aukningar, í allt að 23%. Tvær stærstu netverslanir landsins eru Netverslun Hagkaups og Netklúbbur Flugleiða. Velta viðskipta á netinu í ár er áætluð um 500 milljónir króna.

Netverslun hefur tekið flug á Íslandi, helst er verslað með bækur og tónlist, en mest þó flugfarseðla. Netklúbbur Flugleiða flýgur vængjum þöndum. 5% farseðla félagsins eru seldir á netinu og við lok næsta árs gera Flugleiðir ráð fyrir að félagar í netklúbbnum verði ein milljón manns. Endurskoðendur beindu meðal annars sjónum sínum að öryggi í verslun á netinu. Ný skoðanakönnun bendir til þess að fólk hafi meira traust á netverslun en áður, 75% telja hana örugga. Hins vegar hefur orðið stórfelld aukning í bakfærslum Visa. Árið 1998 voru þær 3645, hafði fjölgað úr 839 frá árinu 1997.

Efrim Boritz, prófessor frá Kanada, ræddi um öryggi í verslun á Netinu, en hann er endurskoðandi og á sæti í nefnd banda-

rískra og kanadískra endurskoðenda sem vinna að því að móta reglur og staðla til þess að stuðla að öryggi í viðskiptum á netinu. Sigurjón Pétursson, stjórnarformaður Korts hf. ræddi um greiðslukort framtíðarinnar. Landsmenn standa frammi fyrir byltingu í kortaviðskiptum. Senn líður að því að næsta kynslóð greiðslukorta — smartkortíð- komi á markað. Frosti Sigurjónsson, forstjóri Nýherja, flutti "léttu hrollvekju" og varaði við ógnum sem fyrirtækjum stafar af nýrri tækni. Þessi öld hefur markast af því að sá stóri hafi gleypt þann litla, en á næstu öld mun hinn fljóti sigra þann hægbara. Hann benti á að af tólf stærstu fyrirtækjum heims í upphafi 20. aldar sé aðeins eitt — General Electrics — nú í hópi öflugustu fyrirtækja veraldar.

Síðasta embættisverk Þorvarðs Gunnarssonar, fyrrverandi formanns FLE, var að taka í notkun nýja heimasíðu Félags löggiltra endurskoðenda. Heimasíðan er hafsjór af fróðleik, þar má finna greinasafn um endurskoðun og reikningsskil. Þar eru tengingar við innlendar og erlendar stofnanir, svo sem Alþingi, Ríkisskattstjóra og alþjóðleg endurskoðendasamtök. Einnig löggjöf um skattamál og reglugerðir embættis Ríkisskattstjóra.

Hallur Hallson





# Áhugaverðir úrskurðir

## Úrskurður nr. 124/1999

Ríkisskattstjóri hækkaði skattskylda veltu kæranda árið 1992 vegna rekstrar einkafirma hans. Var ákvörðunin byggð á því að kæranda hefði borið að innheimta virðisaukaskatt af sölu auglýsinga og styrktarlína. Sala bóka og tímarita hafi verið undanþegin skattskyldri veltu á þeim tíma sem málið varðaði, sbr. þágildandi 9. og 10. tl. 1. mgr. 12. gr laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt (í dag bera bækur gefnar út á íslenski tungu og tímarit 14% virðisaukaskatt, sbr. 5. og 6. tl. 2. mgr. 14. gr. laga um virðisaukaskatt). Útgefanda bæri engu að síður að standa skil á virðisaukaskatti af sölu auglýsinga og styrktarlína skv. almennum reglum laganna. Kærandi krafðist þess að ákvörðun ríkisskattstjóra verði felld úr gildi.

Samkvæmt 1. tölulið 1. mgr. 3. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, hvílir skylda til að innheimta virðisaukaskatt og standa skil á honum í ríkissjóð á þeim sem í atvinnuskyni eða með sjálfstæðri starfsemi sinni selja eða afhenda vörur eða verðmæti, ellegar inna af hendi skattskylda vinnu eða þjónustu. Kærandi hefur með höndum virðisaukaskattskyldan atvinnurekstur við prentun og bókaútgáfu og verður að telja að tekjur hans vegna sölu auglýsinga og styrktarlína í tímarit, það sem í málinu greinir og kærandi gefur út, séu þáttur í atvinnu- starfsemi hans. Taka verður hins vegar afstöðu til þess hvort umrædd útgáfa skáktímarits verði felld undir eitthvert undanþáguákvæði 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988 með þeim afleiðingum að ekki beri að telja hina umþrættu sölu auglýsinga og styrktarlína til skattskyldrar veltu kæranda skv. 1. mgr. 11. gr. sömu laga. Ekki er fallist á það sjónarmið kæranda að sala skáktímaritsins geti talist „hlið-

stæð menningarstarfsemi“ í skilningi 4. tl. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988. Í 15. tl. 3. mgr. 2. gr. frumvarps til laga nr. 50/1988 var sala tímarita sérstaklega tilgreind sem undanþegin starfsemi. Áður en lög þessi komu til framkvæmda var umræddur töluliður felldur brott með lögum 119/1989 og þess í stað mælt fyrir um að sala tímarita skyldi undanþegin skattskyldri veltu skv. 9. tl. 1. mgr. 12. gr. laga um virðisaukaskatt, sbr. f-lið 1. gr. og c-lið 6. gr. laga nr. 119/1989. Gilti sú undanþága um sölu skáktímaritsins á árinu 1992. Samkvæmt framsögðu er hafnað þeirri málsástæðu umboðsmanns kæranda að ákvæði 4. tl. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988 eigi við í tilvikum kæranda.

Starfsemi kæranda fellur ekki undir íþróttastarfsemi í skilningi 5. tl. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988. Nefnt ákvæði verður að skýra í þessu sambandi samkvæmt orðanna hljóðan og til samræmis við ákvæði íþróttalaga. Verður því ekki talið að útgáfa tímarits geti fallið undir undanþáguákvæðið. Með vísan til þess sem að framan er rakið og því að útgáfa skáktímaritsins á árinu 1992 var ekki felld undir önnur undanþáguákvæði 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988 staðfesti yfirska- tta- nefnd úrskurð ríkisskattstjóra um að innheimta beri virðisaukaskatt á sölu auglýsinga og styrktarlína í skáktímarit kæranda.

## Úrskurður 643/1999

Kærandi var í fullu starfi á hjúkrunarheimili sem sjúkrapjálfari. Hann var jafnframt með sjálfstæða starfsemi sem sjúkrapjálfari. Kærandi hafði ekki reiknað sér endurgjald en í rekstrarreikningi með framtali taldi hann hreinar tekjur af atvinnurekstri kr. 340.142. Með vísan til 1. mgr. 95. gr. laga nr. 75/1981, um tekju- skatt og eignarskatt færði skattstjóri kæranda til tekna kr. 340.142 sem reiknað

endurgjald í samræmi við 2. mgr. 1. tl. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, sbr. 59. gr. sömu laga. Skattstjóri tók ennfremur fram að hreinar tekjur af atvinnurekstri kæranda féllu niður og að ákvörðunin leiddi til álagningar tryggingagjalds skv. lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald. Yfirska- tta- nefnd úrskurðaði á þá leið að ljóst væri að kæranda bar að reikna sér endurgjald vegna vinnu sinnar við hina sjálfstæðu starfsemi í samræmi 2. mgr. 1. tl. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981 og 59. gr. sömu laga. Í 59. gr. laga nr. 75/1981 væru ákvæði um véfengingu skattstjóra á tilfærðu reiknuðu endurgjaldi af hendi skattaðila, ákvarðanir skattstjóra í því sambandi, viðmiðanir og skorður sem þessu ákvörðunarvaldi væru settar. Í 6. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinbera gjalda, væri fjallað um ákvörðun og meðferð reiknaðs endurgjalds í staðgreiðslu skv. þeim lögum. Eins og skatt- framtal lá fyrir hefði skattstjóra borið að skora á kæranda að reikna sér endurgjald og fara með málið að öðru leyti með tilliti til ofangreindra lagafyrirmæla. Samkvæmt framsögðu stóðst það ekki að skattstjóra réði hinni umdeildu breytingu til lykta á grundvelli 3. másl. 1. mgr. 95. gr. laga nr. 75/1981.

## Úrskurður nr. 624/1990

Kærandi hafði eigi talið fram greiðslur vegna tímabundinnar örorku að fjárhæð 100.000 kr. tekjuárið 1994 og 233.438 tekjuárið 1995. Kærandi bar því við að ástæða þess að hann hefði eigi talið fram 100.000 kr. greiðsluna væri sú að ekki væri um að ræða slysadagpeninga heldur inngreiðslu á tjónið, eins og fram kom í yfirliti tryggingafélagsins, sem væri ekki skattskyld. Hvað varðar kr. 233.438 þá hafi sú greiðsla verið vegna tímabundins tekjutaps en honum hafi eigi verið kunnugt um að telja ætti þessa eingreiðslu



sérstaklega fram til skatts. Skattstjóri byggði umræddar fjárhæðir á yfirliti frá tryggingafélagi kæranda og hafði skattstjóri látið yfirlitið og lokauppgjör tryggingafélagsins fylgja með boðunarbréfi til kæranda. Yfirskattanefnd staðfesti úrskurð skattstjóra. Úrskurður skattstjóra var á þá leið að hann skattlagði umræddar tekjur alls að fjárhæð 333.438 kr. gjaldárið 1996 þar sem um væri að ræða vanframtaldar bætur sem væru skattskyldar skv. 2. tl. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981. Skattstjóri tók fram í

úrskurði sínum að 100.000 kr. sem höfðu verið greiddar kæranda sem uppígreiðsla á árinu 1994 hefði verið óvissar tekjur í skilningi 2. mgr. 60. gr. laga nr. 75/1981 allt þar til endanlegt bótauppgjör tryggingafélagsins lá fyrir á árinu 1996. Því hefði skattstjóri talið umrædda greiðslu til tekna á tekjuárinu 1995. Yfirskattanefnd tók ennfremur fram að í fyrirsagnarbréfi skattstjóra hefði skattstjóri vísað til yfirlits frá tryggingafélagi kæranda án þess þó að gera nánari grein fyrir þessum upplýsingum eða kynna

kærendum gögn þar að lútandi svo sem rétt hefði verið, sbr. 13. og 15. gr. stjórn-sýslulaga nr. 37/1993 og eftir atvikum á grundvelli 10. gr. sömu laga. Þar sem hins vegar er ágreiningslaust og í samræmi við gögn frá tryggingafélaginu að kærandi fékk umrædda greiðslu og hún var slysabætur vegna tímabundins tekjutjóns þykja þó ekki efni til að ómerkja hinn kærða úrskurð um endurákvörðun af þeim sökum.

Steinþór Haraldsson tók saman

## Opnun heimasíðu FLE



Porvarður Gunnarsson tók heimasíðu FLE í notkun á aðalfundi félagsins, en ritnefnd félagsins bar hita og þunga af gerð hennar. Með honum, t.v. er Stefán Franklín, fulltrúi ritnefndar. Slóðin er [www.fle.is](http://www.fle.is).

Heimasíða Fle var formlega opnuð á aðalfundi félagsins þann 5. desember s.l. á slóðinni [www.fle.is](http://www.fle.is).

Nokkrir byrjunarörðugleikar hafa komið í ljós á síðunni og er verið að vinna að lagfæringum á þeim. Vinna við heimasíðuna þarf að vera stöðug og óskar ritnefnd eftir því við félagsmenn að þeir lýsi skoðun sinni á síðunni, komi með ábendingar um viðbótarefni og það sem betur mætti fara.

Leiðréttingar varðandi félagatal óskast sendar á skrifstofu félagsins. Ábendingar varandi efni óskast sendar til Önnu Kristínar pósthfang [akt@islandia.is](mailto:akt@islandia.is) eða Stefáns Franklín pósthfang [sdf@ehea.is](mailto:sdf@ehea.is)

## Endurmenntun endurskoðenda – einingasöfnun

Samkvæmt reglugerð fjármálaráðuneytisins, er endurskoðendum skylt að sækja endurmenntun á hverju þriggja ára tímabili, sem svarar til 90 eininga.

3. grein reglugerðarinnar segir:

“Endurskoðandi skal skrá þátttöku sína í námskeiðum eða fyrirlesturum á eyðublað sem Félag löggiltra endurskoðenda útbýr til notkunar við framkvæmd þessarar reglugerðar og skila því inn til skrifstofu Félags löggiltra endurskoðenda fyrir 31. janúar ár hvert.

Félag löggiltra endurskoðenda heldur skrá yfir einingafjölda hvers endurskoðanda og tilkynnir ráðherra um þá sem uppfylla ekki ákvæði reglugerðar þessarar um endurmenntun.

Endurskoðandi skal framvísa gögnum um þátttöku sína í námskeiðum sem veita einingar óski Félag löggiltra endurskoðenda eftir því. Verði endurskoðandi ekki við ósk félagsins um að fram-

vísa umbeðnum gögnum skal það tilkynna það til ráðherra.

Upplýsingar um endurmenntun einstakra endurskoðenda eru trúnaðarmál. Endurskoðandi greiðir allan kostnað vegna endurmenntunar sinnar samkvæmt reglugerð þessari.”

Reglugerðin öðlaðist gildi 1. janúar 1999 og hófst þá fyrsta þriggja ára endurmenntunartímabilið. Þeir sem öðlast löggildingu eftir 1. janúar 1999 hefja endurmenntunartímabil sitt í byrjun næsta árs eftir löggildingu.

FLE leyfir sér að minna félagsmenn á að nú fer að stytast í skil á söfnuðum einingum vegna endurmenntunar endurskoðenda fyrir árið í ár. Eyðublað eiga allir félagsmenn að hafa fengið, ef ekki, þá endilega hafið samband við skrifstofu félagsins.

## Fráteknar dagsetningar

FLE minnir félagsmenn á að gefa sér tíma fyrir hádegisverðarfund á Grand Hótel, fyrsta miðvikudag hvers mánaðar og merkja dagsetningar strax inn á dagatalið.

Ákveðið hefur verið að halda:

- Skattadag, þann 14. janúar árið 2000.
- Endurskoðendadag, þann 14. apríl árið 2000.
- Haustráðstefnu, aðalfund og árhólf FLE dagana 10. og 11. nóvember árið 2000.



# Aðsent efni frá IFAC

Reglulega berst félagi löggiltra endurskoðenda ýmiskonar upplýsingar og fræðigreinar frá erlendum samtökum endurskoðenda. Oftar en ekki er óskað eftir að þessu aðsenda efni sé komið á framfæri af hálfu félagsins. Á undanförunum árum hefur verið ráðist í að þýða og birta í fréttabréfum félagsins það efni sem talið hefur verið að erindi ætti til félagsmanna eða annarra sem lesa fréttabréfið. Reynslan er sú að þýðingar á fræðigreinum hafa verið miklum erfiðleikum bundnar, þannig að efni þeirra hefur ekki alltaf komist nægjanlega skýrt til skila.

Ritnefnd hefur því ákveðið í samráði við formann og varaformann FLE að birta á ensku það efni, sem talið er að eigi erindi til lesenda, með von um að það megi verða lesendum til fróðleiks.

## ***International auditing practices committee seeks comments on proposed guidance on assurance engagements***

(New York, April 20, 1999) - In response to the increasing demand on accountants to provide assurance on a broad range of subject matters, the International Auditing Practices Committee (IAPC) of the International Federation of Accountants (IFAC) has released a new exposure draft (ED) providing guidance in this area. The proposed International Standard on Assurance Engagements is designed to help accountants meet the demand for services that increase the value of information for decision-making. Comments on the ED may be submitted to IFAC through July 1, 1999.

The Standard describes the elements of an assurance engagement and the requirements for professional accountants undertaking such an engagement. In addition to providing the professional benchmark for these types of engagements, the Standard outlines the framework and general principles to be applied in developing specific standards for particular types of assurance engagements.

The proposed standard incorporates comments received on an ED released in 1997, Reporting on the Credibility of Information. "There was a strong view in the comment letters we received that although the proposal allowing for a range of assurance was conceptually sound, it appeared to pose implementation issues. The primary cause of that concern was the perceived difficulty in being able to communicate different levels of assurance to report users" emphasizes IAPC Chairman Robert Roussey. "In response to these comments, and to increase the clarity associated with reporting, this new ED proposes the engagements be limited to providing two levels of assurance high and moderate."

The new ED outlines the factors that would determine the appropriate level of assurance. The ED also gives guidance on reporting on the two levels of assurance. The ED recommends that the conclusion for an assurance engagement providing a high level of assurance will generally be expressed in the form of an opinion. The IAPC recognizes, however, that the current "negative assurance" form of reporting used for review engagements of financial statements may not be the most effective means of communicating a conclusion providing a moderate level of assurance. The guidance on this recommends that the report clearly indicate that a moderate

and not a high level of assurance has been given.

IAPC invites comments on this exposure draft, particularly in two areas:

- Issues that may arise in the application of this proposed standard in practice; and
- Suggestions on possible alternatives for reporting a conclusion that provides a moderate level of assurance, particularly using positive or negative assurance language.

Individuals may view the exposure draft on IFAC's internet page, [WWW.ifac.org](http://WWW.ifac.org). Copies can also be obtained from the IFAC Secretariat at +1/212/286-9344.

Comments may be sent by e-mail to [EDComments@ifac.org](mailto:EDComments@ifac.org) or sent directly to IFAC headquarters at 535 Fifth Avenue, New York, NY 10017, USA or fax +1/212/286-9570.

IFAC is the worldwide organization for the accountancy profession. Its mission is to develop and enhance the profession to provide services of consistently high quality in the public interest. Its current membership consists of 142 professional accountancy bodies in 103 countries, representing more than two million accountants in public practice, education, government service, industry and commerce.



# Áhugavert innlent lesefni og vefsíður

FLE berst mikið af innlendu lesefni. Rit þessi liggja ýmist frammi á skrifstofu félagsins, eða þá að uppgefnir eru slóðar inn á vefsíður þar sem nálgast má lesefnið og / eða nánari upplýsingar.

## Frá reikningsskilaráði

Í september sl. gaf Reikningsskilaráð út REGLUR OG ÁLIT REIKNINGSSKILARÁÐS. Bókin er til sölu á Hagstofu Íslands og kostar kr. 1000.

## Frá Þjóðhagsstofnun

Í nóvember sl. Sendi Þjóðhagsstofnun frá sér ritið HAG-VÖXTUR OG IÐNVÆÐING, Þróun landsframleiðslu á Íslandi 1870-1945

## Frá ríkisskattstjóra

Ríkisskattstjóri sendi FLE ljósrít af bréfum ríkisskattstjóra um virðisaukastatt, nr. 914 — 924. Félagsmenn geta haft samband við skrifstofu FLE og fengið ljósrít, en einnig er bent á heimasíðu RSK [www.rsk.is](http://www.rsk.is)

## Áhugaverðar heimasíður

Alþingi Íslendinga.

[www.althingi.is](http://www.althingi.is)

Yfirs kattanevnd.

[www.yskn.is](http://www.yskn.is)

Félag löggiltra endurskoðenda.

[www.fle.is](http://www.fle.is)

Ríkisskattstjóri

[www.rsk.is](http://www.rsk.is)

FEE-Evrópusamb. endurskoðenda

[www.fee.be](http://www.fee.be)

[www.euro.fee.be](http://www.euro.fee.be)

IFAC-Alþjóðasamtök endursk.

[www.ifac.org](http://www.ifac.org)

ISAC-Alþjóðl. reikningsskilaráðið

[www.iasc.org.uk](http://www.iasc.org.uk)

FAR (Föreningen Auktoriserade Revisorer I Sverige)

Vefslóði á heimasíðu FAR er: [www.far.se](http://www.far.se)

FSR (Förningen af Statsautoriserede Revisorer I Danmark)

Vefslóði á heimasíðu FSR er: [www.fsr.dk](http://www.fsr.dk)

DnR (Den norske Revisorforening)

Vefslóði á heimasíðu DnR er [www.revisornett.no](http://www.revisornett.no)

CGR (Föreningen CGR)

Vefslóði á heimasíðu CGR er: [www.kht.fi](http://www.kht.fi)

# Heiðursveiting



Á árinu 1949, eða fyrir fimmtíu árum, luku átta einstaklingar prófi til löggildingar í endurskoðun. Þrír eru enn á lífi, en þeir eru: Bergur Tómasson, Eyjólfur K. Sigurjónsson og Sigurður Stefánsson.

Félag löggiltra endurskoðenda veitti þessum heiðursmönnum sérstaka viðurkenningu á jólafundi félagsins 1. desember sl. Jóhanna Eyjólfsdóttir tók við viðurkenningunni fyrir hönd föður síns Eyjólf K. Sigurjónssonar.

Frá vinstri talið: Símon Á. Gunnarsson, formaður FLE, Sigurður Stefánsson, Bergur Tómasson og Jóhanna Eyjólfsdóttir.